

Fundur 13.5.2024 Ágúst Sigurðsson maður Erlu Bernódusdóttur.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

Góða kvöldið.

Gleður mig að komast í sambandið, Íslendingur og fagna ég því að ná sambandi við ykkur, hef ég lengi að því stefnt og ætla ég nú að byrja á því að lýsa staðháttum og vona ég að það muni auðvelda mér að hefja sambandið og komast að efnisatriðum ræðu minnar.

Er ég hér staddur í stjórnumbandsstöð og þegar ég fyrst kom á þennan hnött, datt mér það aldrei til hugar að ég myndi tala úr ræðupúltinu yfir mannfjöldann og til annarra stjarna og hvað þá til minnar heima jarðar, en þjálfun og velheppnuð sambönd við æðri framlífs jarðir, þar sem samböndin efla orku manns eigin og annarra, hafa gefið mér kjark til þess að stíga fram og hafa samband við gömlu frumlífs jörðina mína.

Ég hafði mig lítið í frammi fyrst þegar ég kom á þennan hnött og hafði ég vissulega frá mörgu að segja, en það heyrðu aðeins þeir sem næst mér stóðu og komst það ekki til gömlu jarðarinnar.

Ykkar gamli félagi, bar mér þó kveðjurnar frá ykkur og fréttirnar og óx mér kjarkurinn með árunum og hef ég æfinlega verið nærstaddur þegar hann hefur komist í sambandið, félagi ykkar sem ég kannski get nefnt á eftir.

Já orkan er, hún fer eitthvað dvínandi, ég er ekki eins þjálfaður í þessu og margir aðrir, en vildi koma mínu erindi að.

Ég er Íslendingur og við hjónin höfum eignast hér á þessum hnetti þau börn sem við vildum eignast, en byrjuðum of seint á því og hér hefur hún náð fullri heilsu og lífsglaðari en nokkru sinni fyrr og það er ég einnig og höfum við notað tækifærið á meðan við erum ung, og stækkað fjölskylduna sem við byrjuðum of seint á, á jörðinni.

Og þakka ég kærlega fyrir öll samböndin sem Halldór, hefði gjarnan viljað tala við konu mína á ykkar fundum, en treysti mér ekki til þess og fór ég reyndar sjálfur yfir um nokkrum árum seinna, svo ekki, það var um seinan fyrir mig, en hitti hana hér við fulla heilsu og voru það fagnaðarfundir.

Og var það mér mikil huggun að fá fréttirnar af henni, og Halldór biður að heilsa ykkur og vill hann endilega koma því til skila að Viggó bróðir hans vill komast í sambandið, hann heitir Viggó Bernódusson og hann starfar hér að tæknimálum í sambandsstöðinni og hefur ýmislegt að segja um þau mál.

Ég er að tala um Halldór Bernódusson félagi ykkar.

*Já við munum eftir honum.*

Já, hér eigum við hjónin 3 börn og það fjórða á leiðinni og höfum lært það að rétt er að byrja á því nógu snemma, höfum einnig ferðast um hnöttinn og eru hér margar sveitir sem minna á Íslensku sveitirnar og hefur það verið mér mikið ánægjuefni að hitta fólkið og læra örnefni og sumir af þeim eru Íslendingar sem ég þekkti á gömlu jörðinni.

Nafn mitt er Ágúst Sigurðsson, vann hjá tollinum, veit ekki hvort þið þekkið mig, já Erla Bernódusdóttir kona mín, þið kannist við mig þannig, ég kom ekki á fund til ykkar, en fékk fréttir af henni í gegnum bróðir hennar og þakka ég fyrir það.

Erum við hér hamingjusöm og vildi ég segja ykkur að kenningar dr Helga Pjeturss ganga eftir og var það mér ánægjuefni að uppgötva það á eigin lífi að þær eru réttar og hér höfum við fengið efnislega líkama.

Og hún er hamingjusamari en nokkru sinni fyrr, að vera komin með kríli í fangið og ég sagði henni að hún ætti ekki alltaf að hugsa um aðra og er hún loksins búin að læra af því.

Hefur hún þó einnig notað menntun sína og störfum við bæði, ég næ ekki alveg að halda áfram, orkan er eitthvað risjótt, ég er ekki, það er erfiðara að tala við gamla hnöttinn, heldur en þessa hnetti þar sem framlífs mannkynin eru, þar er orkan meiri, hún er ekki nógu mikil hjá ykkur, en ég þakka kærlega fyrir mig,

*Ég óska þér kærlega til hamingju með fjölskylduna.*

Já takk fyrir, ég vil gjarnan senda kveðju til ættingja minna og þakka ég fyrir mig og verið þið sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir Ágúst.*